



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Grindavíkurbær
Pétur Bragason
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 20. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070200016/óaj

Breyting á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar, hesthúsahverfi við Húsafell

Vísað er til erindis bæjarverkfræðings Grindavíkur dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir um 15 ha hesthúsahverfi, 11 ha skógræktarsvæði og um 32 ha beutilandi. Umrætt svæði er nokkuð slétt, jarðvegslítið land utan hraunsvæðis. Svæðið í kring býður upp á fjölbreyttar reiðleiðir og með framangreindri staðsetningu við Húsafell þurfa reiðleiðir ekki að þvera þjóðvegi.

Eins og fram kemur í gögnum sem fylgdu erindinu er umrætt svæði á Grenhóli utan hraunsvæðis og er lögð rík áhersla á aðlögun lóða og vega að jarðmyndunum og náttúrulegum gróðri. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Loftmyndir af svæðinu sýna að aðkomuvegur að hesthúsabyggðinni skerðir að einhverju leyti eldhraun sem og svonefndur 3. áfangi hesthúsabyggðarinnar. Beitarhólf sem afmarkað hefur verið sunnan fyrirhugaðrar hesthúsabyggðar er einnig að miklu leyti afmarkað á eldhrauni.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að halda sem mest í núverandi hraunmyndanir á umræddu skipulagssvæði sökum verndargildis þeirra og því telur stofnunin að afmörkun fyrirhugaðs hesthúsasvæðis ætti að miðast við núverandi hraunjaðar. Af sömu ástæðu ætti ekki að teygja beutiland sunnar en sem nemur jaðri hraunsins. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytingu á framangreindu aðalskipulagi Grindavíkurbæjar.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur

Helgi Þorsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun